

## RE Umsagnarbeiðni vegna mál nr. 07302024 í Skipulagsgátt

**Til** : Skipulagsstofnun - SLS  
**Frá** : Haraldur Birgir Haraldsson <birgir@ry.is>  
**Heiti** : RE Umsagnarbeiðni vegna mál nr. 07302024 í Skipulagsgátt  
**Málsnúmer** : 202406019  
**Málsaðili** : Rangárþing ytra  
**Skráð dags** : 10.07.2024 00:00:00  
**Höfundur** : Haraldur Birgir Haraldsson <birgir@ry.is>

**Viðhengi** [image002.png](#)  
[image001.png](#)

Heil og sael

Það láðist alveg að senda umsögn okkar vegna matstilkynningar fyrir aksturssvæðið okkar á Hellu.

Ég vil gera það hér með:

Skipulagsfulltrúi fyrir hönd sveitarfélagsins telur að greinilega sé brugðist við þeim áhrifum sem umrædd framkvæmd kunni að hafa á umhverfi sitt með þeim hætti að ekki verði um veruleg neikvæð áhrif að ræða. Skipulagsfulltrúi telur að fullnægjandi grein sé gerð fyrir framkvæmdinni í framlagðri greinargerð með tilkynningunni. Umhverfisáhrif hafa verið lágmörkuð með fullnægjandi mótvægisáðgerðum og vöktun. Skipulagsfulltrúi telur því að umrædd framkvæmd skuli ekki háð mati á umhverfisáhrifum.

Með kveðju,

**Har. Birgir Haraldsson**

Skipulags- og byggingarfulltrúi



Rangárþing ytra

Suðurlandsvegi 1-3

850 Hella

Sími 488-7000

---

**From:** Rangárþing Ytra

**Skipulagsstofnun**

Borgartún 7b

105 REYKJAVÍK



Þórdís Stella Erlingsdóttir,  
Sérfræðingur, Svið umhverfismats

**Umsögn vegna matsáætlunar fyrir akstursíþróttasvæði við Hellu, Rangárþingi ytra.**

Mál nr.730/2024

Vegagerðin hefur fengið til umsagnar á framkvæmdarlýsingu vegna matsskyldu fyrir akstursíþróttasvæði við Hellu, Rangárþingi ytra, sem unnið er af Eflu verkfræðistofu dags 05.06.2024.

-----  
Síða 1/1

Vegagerðin hefur yfirfarið framkvæmdarlýsinguna með hliðsjón af hlutverki stofnunarinnar. Minnt er á að huga þarf að fyrirhuguðum breytingum á Rangárvallavegi (264-03) og Hringvegi (1-c3).

Virðingarfullst  
f.h. Vegagerðarinnar  
Rannveig María Jóhannesdóttir  
Landfræðingur  
Suðursvæði Vegagerðarinnar

Þetta skjal hefur verið samþykkt rafrænt

Vegagerðin  
Suðurhraun 3  
210 Garðabær  
+354 522 1000  
vegagerdin.is

vegagerdin  
@vegagerdin.is



Austurvegur 65 - 800 Selfoss

Sími 480 8250 – Veffang www.hsl.is – Netfang hsl@hsl.is – Kennitala 480284-0549

**Skipulagsstofnun**

**Borgartúni 7b**

**105 Reykjavík**

Selfossi, 3. júlí 2024  
2406046HS SHJ

**Efni: Akstursíþróttasvæði við Hellu, nr. 0730/2024 - Umsögn um tilkynningu um framkvæmd**

Þann 7. júní sl. móttók Heilbrigðiseftirlit Suðurlands erindi Skipulagsstofnunar í gegnum Skipulagsgáttina þar sem óskað er eftir umsögn embættisins um tilkynningu vegna akstursíþróttasvæðis skammt austan þéttbýlisins á Hellu í Rangárþingi ytra. Um er að ræða framkvæmd sem þegar er að miklu leyti lokið.

Akstursíþróttasvæðið er um 14 ha að stærð og er það staðsett u.p.b. 600 m frá austustu íbúðarhúsunum á Hellu við gatnamót þjóðvegar nr. 1 og Rangárvallavegar nr. 264. Svæðið einkenndist af manngerðu umhverfi og var að mestu gömul tún, kartöflugarðar og melur með lúpínubreiðum. Innan þess er búið að byggja upp tvær akstursbrautir fyrir mótorcross; 1,9 km langa löggilda keppnisbraut og 1 km langa æfingabraut. Brautirnar eru um 6-8 m breiðar með malar- eða moldaryfirborði, stökkpöllum og háum köntum fyrir krappar beyjur. Til að draga úr áhrifum á hljóðvist voru gerðar 2,5-4 m háar hljóðmanir í útjaðri alls svæðisins. Þá er gert ráð fyrir þéttum gróðurbeltum og/eða skógi umhverfis akstursbrautirnar til að takmarka enn frekar hávaða frá starfseminni og draga úr foki jarðefna frá svæðinu, auk þess sem svæðið er aðgangsstýrt. Töluverð landmótun fylgdi gerð brautanna en að mestu var hægt að ýta til lausu efni innan framkvæmdasvæðisins til að móta bæði brautir og hljóðmanir. Þá var þess gætt að þó að ekki sjáist í akstursvæðið sjálft frá þjóðvegi vegna hljóðmananna, þá eru þær ekki það háar að þær hindri útsýni lengra frá.

Í umhverfismati voru metin áhrif framkvæmdarinnar á umhverfisþættina gróður og fuglalíf, jarðmyndanir, fornminjar, hljóðvist, loftgæði, landslag og ásýnd og útvist og ferðamennska. Að teknu tilliti til grunnástands, viðmiða, mögulegra umhverfisáhrifa og mótvægisáðgerða voru áhrif framkvæmdarinnar talin nokkuð neikvæð á hljóðvist, óverulega neikvæð á gróður og fuglalíf, óveruleg á jarðmyndanir, loftgæði og landslag og ásýnd, óveruleg til talsvert jákvæð á útvist og ferðamennsku og engin á formminjar.

Heilbrigðiseftirlit Suðurlands hefur farið yfir ofangreinda tilkynningu fyrir téða framkvæmd og gerir engar athugasemdir. Embættið telur að tilkynningin geri nægjanlega grein fyrir eðli, umfangi og umhverfi framkvæmdarinnar, sem og mótvægisáðgerðum en ekki er gert ráð fyrir sérstakri vöktun umhverfisáhrifa. Embættið telur að varanleg umhverfisáhrif framkvæmdarinnar séu óveruleg og



mögulegt að milda þau með vönduðum frágangi umhverfis og mannvirkja á uppbyggingartíma og góðri umgengni og aðgangsstýringu á rekstrartíma, m.a. til að takmarka mögulegt ónæði vegna hávaða og foks jarðefna í nálægri íbúðarbyggð. Embættið metur málið því sem svo að framkvæmdin kalli ekki á mat á umhverfisáhrifum að teknu tilliti til þeirra viðmiða sem koma fram í 2. viðauka laga um umhverfismat framkvæmda og áætlana.

Heilbrigðiseftirlit Suðurlands veitir aksturs- og/eða kennslubrautum starfsleyfi skv. lögum nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir og reglugerð nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit. Einnig veitir embættið starfsleyfi vegna ýmissa verkþátta á meðan á framkvæmdum stendur, s.s. efnisnámi, fyllingu þar sem hentugur úrgangur sem ekki er spilliefni er nýttur á tæknilegan hátt við landmótun og eftir atvikum verktakaðstöðu skv. ofangreindri reglugerð auk starfsmannabúða skv. reglugerð nr. 941/2002 um hollustuhætti.

F.h. Heilbrigðiseftirlits Suðurlands,

Stella Hrönn

Stella Hrönn Jóhannsdóttir,  
heilbrigðisfulltrúi

Skipulagsstofnun  
Borgartúni 7b  
105 Reykjavík

Garðabær, 4. júlí 2024  
Málsnúmer: 202406-0015  
IAS

**Efni: Matskyldufyrirspurn - akstursíþróttasvæði við Hellu.**

Vísað er í erindi frá Skipulagsstofnun, dagsettu 7. júní 2024, þar sem óskað er eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar um matskyldufyrirspurn vegna akstursíþróttasvæðis við Hellu.

Náttúrufræðistofnun hefur kynnt sér greinargerðina með tilkynningu um matskyldu og kemur með eftirfarandi athugasemdir.

Óhætt er að taka undir það sem fram kemur í útdrætti greinargerðarinnar að um nokkuð óhefðbundna tilkynningu sé að ræða þar sem framkvæmdum er lokið, akstursíþróttasvæðið hefur þegar verið gert og umhverfisáhrifin því að mestu komin fram.


Þessi vinnubrögð eru ekki til fyrirmynadar.

Svæðið er ekki stórt og óliklegt er að þar hafi verið jarðminjar eða gróður með hátt verndargildi. Hins vegar má telja víst að einhverjir fuglar hafi nýtt svæðið til varps fyrir framkvæmdir en úr þessu er ekkert hægt að fullyrða um tegundir eða fjölda para.

Ekkert er fjallað um mögulega mengun vegna olíu eða bensínleika á svæðinu. Ekki kemur fram hvort eldsneyti sé geymt á svæðinu eða hvernig brugðist verði við leka frá hjólunum eða eldsneytisgeymum verði þeir til staðar. Mikilvægt er að allt sé gert sem hægt er til að koma í veg fyrir að megnandi efni berist í grunnvatn.

Náttúrufræðistofnun telur ekki að framkvæmdin þurfi að fara í mat á umhverfisáhrifum.

Virðingarfyllst,



Ingvar Atli Sigurðsson  
jarðfræðingur

